



Skagaströnd 17. febrúar 2021

Sveitarfélagið Skagaströnd tekur heilshugar undir innsenda tillögu starfshóps smærri sveitarfélaga á Íslandi (sjá meðfylgjandi).

Tillagan byggir á grunnildum lýðræðis og sjálfstjórnunarréttar sveitarfélaga og er í takt við megin sjónarmið í stefnumótandi áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem samþykkt var á Alþingi á síðasta ári, einkum er varðar lýðræði, sjálfstjórnarrétt og sjálfbærni sveitarfélaga. Hún er jafnframt í góðu samhengi við sveitarstjórnarlög og fellur að þeim lagaramma sem fyrir er um sveitarfélög.

Sveitarfélagið Skagaströnd telur tillöguna vel til þess fallin að skapa breiða sátt um frumvarp Sveitarstjórnarráðherra til eflingar sveitarstjórnarstigsins á Íslandi.

  
Alexandra Jóhannesdóttir  
sveitarstjóri

